

Fundargerð 91. fundar

stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2025, þriðjudaginn 19. ágúst kl. 08:15 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir, Gerður Björk Sveinsdóttir, Sigfús Ingi Sigfússon, Heimir Örn Árnason og Sigurjón Andrénsson.

Að auki sat fundinn Ingibjörg Hinriksdóttir sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Petta var tekið fyrir:

1. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald - aflaverðmæti og reiknistofn, 351. mál - óskað umsagnar - 2505001SU

Lagðir fram reikningar KPMG vegna greiningarvinnu vegna frumvarps til laga um breytingu á veiðigjöldum.

Heildarkostnaður var 7.992.900 kr.

Stjórn þakkaði formanni og varaformanni sérstaklega fyrir þeirra framlag í hagsmunagæslu fyrir sjávarútvegssveitarfélög.

Stjórn leggur þunga áherslu á mikilvægi þess að fylgjast með áhrifum hækkunar veiðigjalda og að ráðuneytið hafi frumkvæði að þeirri eftirfylgni svo ríkisstjórnin geti brugðist við ef neikvæðar afleiðingar raungerast hjá sjávarútvegssveitarfélögum.

2. Störf samtakanna veturinn 2025-2026 - 2409001SU

Til umræðu voru áherslur og verkefni samtakanna komandi vetur. Var meðal annars rætt um að sjávarútvegsfundur yrði haldinn fyrir áramót sem staðfundur og fjallað yrði um væntanlega lagasetningu um lagareldi.

3. Kynnisferð stjórnar til Noregs 2025 - 2405001SU

Vigdís Häsler hefur sett saman drög að dagskrá fyrir heimsókn samtakanna til Noregs með áherslu á fræðslu um lagareldi.

Lagt var til að ferðin yrði farin 7.-10. október nk.

Stjórn samþykkir tillögu að dagskrá sem og tímasetningu. Formanni og starfsmanni samtakanna var falið að vinna málið áfram.

4. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga - ársreikningur 2024 - 2501002SU

Samkvæmt samþykktum félagsins ber stjórn að samþykkja ársreikninga samtakanna eftir að þeir hafa verið kynntir aðildarsveitarfélögum og yfirfarnir af skoðunarmönnum, en þeir eru síðan lagðir fram á næsta aðalfundi til

staðfestingar.

Ársreikningur hefur verið yfirfarin af skoðunarmönnum ásamt því að vera sendur til allra aðildarsveitarfélaga til kynningar.

Stjórn samþykkir ársreikning samtakanna fyrir árið 2024.

5. Önnur mál - 2312004SU

Almennar umræður um hugsanlegar lagabreytingar í málefnum sjávarútvegs.

Fundi var slitið kl. 09:00